Hvað veistu um Michelle Pfeiffer?

Taktu prófið

1. Michelle Pfeiffer vann í verslun þegar hún var uppgötvuð. Hvernig verslun?
- a. Matvörubúð
- b. Fatabúð
- c. Skóbúð
- d. Bakarí

2. Michelle hafnaði hlutverki í þessari vinsælu mynd:
- a. Schindler's List
- b. Unforgiven
- c. Basic Instinct
- d. The English Patient

3. Hvernig lit augu hefur hún?
- a. Blá
- b. Brún
- c. Gráblá
- d. Græn

4. Eiginmaður Michelle er þekktur sjónvarpsþáttaframleiðandi. Hvað heitir hann?
- a. David E. Kelley
- b. Harry Hamlin
- c. Jonathan London
- d. David Harbowitz

5. Michelle á tvær systur sem báðar hafa leikið í kvikmyndum. Hvað heita þær?
- a. Laura og Margaret
- b. Sophie og Lori
- c. Melanie og Margaret
- d. Lori og Dedee

6. Michelle hefur þrisvar verið tilnefnd til óskarsverðlauna. Tvær þeirra eru Love Field og Fabulous Baker Boys. Hver er þriðja myndin?
- a. Dangerous Liasions
- b. Batman Returns
- c. Deep end of the Ocean
- d. Tequila Sunrise

7. Michelle tók þátt í fegurðarsamkeppni í Kaliforníu á unga aldri. Hvaða titil fékk hún?
- a. Ungfrú Fresno County
- b. Ungfrú Orange County
- c. Ungfrú Santa Clara County
- d. Ungfrú San Diego County

8. Michelle tók að sér hlutverk sem áður hafði verið ætlað Annette Bening. Í hvaða mynd var það?
- a. Married to the Mob
- b. Batman Returns
- c. Frankie and Johnny
- d. Scarface



Svör:
1. Matvörubúð. 2. Basic Instinct. 3. Græn. 4. David E. Kelley. 5. Lori og Dedee. 6. Dangerous Liasions. 7. Ungfrú Orange County. 8. Batman Returns.

Textílfélagið er 30 ára á þessu ári og af því tilefni stendur nú yfir að Kjarvalsstöðum alþjóðlega sýningin Textíllist 2004 Norhern Fibre V. Þar sýna 19 listamenn verk sín, 13 Íslendingar og 6 útlendingar.

Mannshár og mjúkar línur að Kjarvalsstöðum

Samkvæmt orðabók þýðir orðið textíll hlutur gerður úr vefjaefni, prjón, hekl, vefnaður og fleira. Verkin á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru afar fjölbreytt og óhætt er að segja að ímyndunaraflinu hefur víða verið hleypt lausu. Í sýningarskránni segir: „Oft er talað um 30 ára hringrás tísku eða strauma í menningu samtímans. Um 30 ár eru síðan femínisminn og textíllistinn náðu hámarki í myndlistarheiminum, en eftir það fór þessi bylgja hratt þverrandi. Það er því eðlilegt, út frá 30 ára reglunni, að nú sé textíllinn að ganga í gegnum nýtt skeið endurnýjunar. Einnig getur verið að textíll sé nú orðinn sýnilegri í mótvægi við alla tölvu- og tækninotkunina sem hefur tröllriðið Vesturlöndum á síðustu 10 árum.“ Sýningin að Kjarvalsstöðum er opin alla daga vikunnar frá kl. 10 til 17 en hún stendur til 16. janúar á næsta ári.




Orangerie *Verkið er eftir finnsku listakonuna Önnu Maiju Aarras, frá árinu 2002. Listaverið er unnið úr pallíettum og trefjaplasti.*



Flétta (út frá Murakami) *Hlynur Helgason vann verkið með bómullarefni, silkimálningu og reipi á þessu ári.*



Polychrome Acumulation frá árinu 2003 *Bandaríska listakonan Sarah Wolf Newlands notar upprúlluð, marglit ullarteppi í þetta glæsilega verk.*



Risastór númer tvö *Bandarískri listamaðurinn Andy Yoder vann þetta skemmtilega verk árið 2000 með því að flétta efni yfir pappa og tré.*




Virki Ingibjargar Styrgerðar Haraldsdóttur *Verkið óf listakonan á þessu ári úr handlitaðri íslenskri ull og handspunnum íslenskum hör.*



Án titils *Listakonan Elana Herzog frá Bandaríkjunum vann þetta skemmtileg verk með efni og hefti á gipsvegg árið 2002.*



Vinstra og hægra heilahvel *Hrafnhildur Arnardóttir fléttaði verkið í fyrra úr hári og gervihári. Listakonan vann einnig skrautið sem Björk notaði á umslagi nýjustu plötu sinnar, Medúllu.*



Bylgjur Guðrúnar Marinósdóttur *Verkið vann listakonan á þessu ári og því síðasta úr hrosshári.*

Stjörnuspá

Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri er 56 ára í dag. „Hún virkar hrokafull þegar að henni er sótt, enda finnst henni þá að enginn skilji sig. Hún trúir því að ástin komi aðeins einu sinni, sem getur hamlað því að hún finni sér lífsförunaut. Henni líkar hins vegar vel að falla öðrum í geð og myndi ganga á vatni ef félagi hennar bæði hana um það. Hér svífur hún um á vængjum ástleitninnar og þarfnast mikillar ástar og verndar og henni hlotnast sú upplifun sannarlega,“ segir í stjörnuspánni hennar.



Kristín Jóhannesdóttir

Vatnsberinn *(20. jan.–18. febr.)*

Vertu viðbúin/-n að breyta því sem hefur neikvæð áhrif á þig tilfinningalega með því að beina orku þinni í réttan farveg.

Fiskarnir *(19. febr.–20. mars)*

Stundarósigrar mega ekki koma í veg fyrir að þú haldir áfram að vinna að draumum þínum. Hafðu þetta hugfast dagana framundan ef þú tileheyrir stjörnu fiska.

Hrúturinn *(21. mars–19. apríl)*

Þú ert lagin/-n við börn og fólk yfirleitt og ættir ekki að hika við að hlusta af athygli ef aðrir leita til þín en haltu aftur af þér ef ástæðulaus afbrýðisemi einkennir líðan þína þessa dagana gagnvart þeim sem þú elskar innilega, kæri hrútur.

Nautið *(20. apríl–20. maí)*

Þú berð tilfinningar í brjósti sem ýta undir undarlegar en góðar tilfinningar innra með þér. Þetta er eðlilegt og þú ættir ekki að örvænta því ástin er komin til að vera.

Tvíburarnir *(21. maí–21. júní)*

Útlitið er óspennandi varðandi mál sem virðist eiga huga þinn og þú ert á góðri leið með að gefast upp. Heppni virðist ætla að vefja örmum sínum utan um stjörnu tvíbura og þess vegna mátt þú alls ekki leyfa þér að gefast upp.

Krabbinn *(22. júní–22. júlí)*

Þú hjálpar þeim sem biðja þig um aðstoð en á sama tíma er þér ráðlagt að vera vakandi gagnvart þeim sem ekki eru sannir vinir þínir.

Ljónið *(23. júlí– 22. ágúst)*

Nýttu þér aðstöðu þína og ákveddu framhaldið með því að hlusta á hjarta þitt. Reynsla þín hefur kennt þér margt sem snýr að mannlegu hliðinni en hérna birtast vegamót sem tengjast ákvarðanatöku hvað varðar framhaldið. Breytingar birtast í janúar 2005.

Meyjan *(23. ágúst–22. sept.)*

Þú ert ein/-n af þeim sem þrífst á að framkvæma það sem veitir þér innri frið og ánægju.

Vogin *(23. sept.–23. okt.)*

Haltu jafnvægi þínu og deildu hugsunum þínum og áhugamálum með þeim sem þú treystir. Njóttu þess að eiga rólega stund með vinum á sama tíma og þú ættir að íhuga öll smáatriði áður en þú tekur fyrsta skrefið sem tengist breytingum einhvers konar.

Sporðdrekinn *(24. okt.–21. nóv.)*

Ekki láta annir koma niður á störfum þínum eða einkalífi næstu vikur eru kjörorð til fólks fætt undir stjörnu sporðdrekans.

Bogmaðurinn *(22. nóv.–21. des.)*

Þú leggur þig fram við að hjálpa þeim sem minna mega sín og samhliða því er þér ráðlagt að forðast bægslagang og undirróður ef þú ætlar þér stærri hlut í framtíðinni.

Steingeitin *(22. des.–19. jan.)*

Þú villt láta dekra við þig en samt upphefja þig þessa dagana þegar stjarna þín er skoðuð en ert jafnvel hrædd/-ur við að sleppa þeim tökum sem felast í að hafa fulla stjórn á aðstæðum og vera á valdi eigin langana.

SPÁMAÐUR.IS

David Beckham vill einbeita sér að fótboltanum þrátt fyrir gott boð

Tekur boltann fram yfir Bleika pardusinn

Fótboltasnillingurinn David Beckham hefur hafnað boði um að leika í nýrri Hollywood-mynd um Bleika pardusinn sem að er stefnt að verði sýnd í kvikmyndahúsum um veröld alla næsta sumar. Ástæðan er einföld að sögn Beckhams; hann vill einbeita sér að því sem hann er bestur í, nefnilega fótboltanum.

Þetta afsvar hefur komið nokkuð á óvart enda missir Beckham þarna af tækifæri til að vinna með stórleikaranum Steve Martin og Beyonce Knowles. Martin ætlar að feta í fótspor Peters Sellers og leika lögregluforingjann Clouseau. Plottið mun fjalla um morð á knattspyrnuþjálfara auk þess sem demantur í eigu Bleika pardussins hverfur.



Steve Martin *Leikur Inspector Clouseau í nýrri kvikmynd um Bleika pardusinn. Verður að gera það án Beckhams.*

Beckham hefur ekki útilokað að hann taki að sér hlutverk í kvikmyndum í framtíðinni og kveðst hafa fengið fjölda tilboða. Einu tilboði hefur hann tekið en það er í kvikmyndinni Goal sem eins og titillinn gefur til kynna fjallar um fótbolta. „Ég hef aldrei lýst því yfir að ég vilji snúa mér alfarið að leiklistinni. Mér hafa borist nokkur tilboð en eins og staðan er nú þá er fótboltinn í fyrsta sæti. Hvað gerist síðar verður bara að koma í ljós,“ segir David Beckham.



David Beckham *Veður í kvikmyndatilboðum. Hafnar þeim og vill frekar standa sig vel með Real Madrid.*